



Hafnarfjörður

VSÓ RÁÐGJÖF



UPPBYGGING Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA

Viðbrögð við umsögnum um matsskyldufyrirspurn

18. júní 2021

Uppfært 24. júní 2021



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Fyrirspurn frá Skipulagsstofnun	1
2	Umsagnir um matsskyldufyrirspurn	1
2.1	Náttúrufræðistofnun Íslands	1
2.2	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs	5
2.3	Umhverfisstofnun	10
2.4	Minjastofnun Íslands	20
2.5	Hafrannsóknarstofnun	21



1 Inngangur

Hér er gerð grein fyrir viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar við umsögnum eftirtalinna aðila um matsskyldufyrirspurn um uppbyggingu á Íþróttasvæði Hauka:

- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnunar
- Hafrannsóknarstofnun

Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni í viðauka.

1.1 Fyrirspurn frá Skipulagsstofnun

Í tölvupósti frá Skipulagsstofnun, dags. 7. júní sl., kom ábending um að upplýsingar sem koma fram í matsskyldufyrirspurn og svo upplýsingar sem koma fram í deiliskipulagstillögu sem auglýst hefur verið á vef Hafnarfjarðarbæjar eru ekki í samræmi. Einnig er áætlað að leggjast í framkvæmdaliði sem hefðu átt að koma fram í matsskyldufyrirspurn framkvæmdaraðila s.s. borholur.

Eins og kemur fram í viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar hér að neðan við umsögnum fagstofnana hafa orðið breytingar á framkvæmdum og skipulagi til að koma til móts við ábendingar fagstofnana um vatnsbúskap og fornminjar, sjá í kafla 2.3 (tl. 22) og 2.4 (tl. 25).

Breyting hefur verið gerð á fyrirkomulagi knattvalla suðvestur af svæðinu m.a. til að koma í veg fyrir rask á fornleifum, fjárhústóft. Breytt fyrirkomulag valla hefur að öðru leyti ekki áhrif á niðurstöðu tilkynningarinnar, þ.e. það hefur ekki í för með sér önnur áhrif en þegar hefur verið fjallað um.

Gerð er grein fyrir svelgholum í uppfærðu deiliskipulagi. Það eru grunnar holur, sem falla ekki undir viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því var ekki talin þörf á að fjalla sérstaklega um þær í matsskyldufyrirspurn. Bætt hefur verið við upplýsingum um tilgang svelgholanna. Þær hafa engin áhrif á umhverfið fyrir utan það að virka sem öryggisventill ef Ástjörnin fer á yfirfall.

2 Umsagnir um matsskyldufyrirspurn

2.1 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn segir:

1. *”Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir gögn sem fylgja tilkynningu framkvæmdaraðila og telur að nægjanlegar upplýsingar séu fyrir hendi til að skera úr um matsskyldu framkvæmdarinnar. Þó hefði betur mátt bera valkostina tvo sem um er fjallað við núllkost en því er sleppt að mestu.”*

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Núllkostur felur í sér óbreytt ástand og er notaður sem grunnviðmið til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið. Ef ekki verður af framkvæmd mun ekki koma til þeirra áhrifa sem valkostir munu hafa í för með sér sem fela helst í sér neikvæð áhrif á jarðminjar og óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og ásynd, og lífríki og gróður. Því telur Hafnarfjarðarbær að fyrir liggi nægar upplýsingar um hver áhrif á náttúruferli verði vegna núllkosts. Hins vegar er núllkostur ekki raunhæfur, þar sem það er skýr stefna sveitarfélagsins að byggja upp íþróttasvæðið til að mæta þörf íbúa í Hafnarfirði.



Í umsögn segir:

2. „Það er álit Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum og byggist það á eftirfarandi rökstuðningi. Þar vegur þyngst að um er að ræða framkvæmdir sem eru staðsettar á eða í jaðri verndarsvæða. Annars vegar er framkvæmdasvæðið sjálft að nokkuð stórum hluta staðsett á nútímahrauni sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hins vegar er framkvæmdasvæðið staðsett þétt upp við friðlýst svæði þ.e. friðlandið Ástjörn og fólkvanginn Ástjörn og Ásfjall.

Í gögnum með tilkynningunni er fjallað ítarlega um þau umhverfisáhrif sem verða af framkvæmdinni og hafa áhrif á þessi verndarsvæði. Á sunnanverðu framkvæmdasvæðinu er að finna svæði með frekar lítið röskuðu nútímahrauni sem tilheyrir Hellnahrauni annars vegar og Skúlatúnshrauni hins vegar, en þessum tveimur nútímahraunbreiðum hefur báðum mikið verið raskað í þessum hluta Hafnarfjarðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ástæða til að vernda það hraun sem enn er óraskað eins og kostur er. Hraunið hefur útivistargildi og veitir jafnframt friðlýsta svæðinu frekari vernd. Þá má bæta því við að þessi hraun stífluðu afrennsli Ástjarnar þegar þau runnu á nútíma. Gert er ráð fyrir að allt að 0,63 hektarar af þessu lítt snortna hrauni verði raskað. Hvorugur þeirra tveggja valkosta sem tilkynningin fjallar um sýnir útfærslu þar sem hrauninu er hlíft og er það rökstutt af Hafnarfjarðarbæ að ekki komi önnur svæði á Völlunum til greina fyrir uppbyggingu íþróttasvæðisins þar sem ekki er hjá því komið að raska eldhrauni.

[...]

... það má bæta við að gróðurfar í hraunlendi líkt og í því sem að verður fyrir raski vegna framkvæmda, er oft áhugavert, og þar finnast einkennandi plöntutegundir sem eru sjaldgæfar á landsvísu eins og dílaburkni, fjölllaufungur og stóriburkni auk þriggja annarra algengari burknategunda sem hafa í fundist í gjótum á svæðinu. Í nágrenni svæðisins vex einnig gullkollur og blátoppa sem eru að mestu bundnar við suðvesturhorn landsins. Blátoppa er á válista og metin þar sem tegund í nokkurri hættu (VU) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). Mjög hefur þrengt að búsvæði hennar, m.a. vegna ýmissa framkvæmda. Í og við Ástjörn vaxa m.a. álfतालaukur og tjarnalaukur sem eru vatnplöntur með takmarkaða útbreiðslu.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Framkvæmdin felst í uppbyggingu á Íþróttasvæði Hauka og nágrenni þess. Íþróttasvæðið hefur verið skilgreint og afmarkað í aðalskipulagi í áratugi. Markmið framkvæmdar er m.a. að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og nýta þá innviði sem eru til staðar s.s. gatnagerð, veitukerfi og skóla. Þá kemur framkvæmdin til móts við markmið aðalskipulags um uppbyggingu þéttar og blandaðrar byggðar sem og þéttingu byggðar í samræmi við greinargerð starfshóps um þéttingu byggðar, eins og fjallað er um í matsskyldufyrirspurn.

Hafnarfjarðarbær hefur skoðað ólíka valkost um uppbyggingu innan íþróttasvæðis og borið saman með tilliti til umhverfisáhrifa í matsskyldufyrirspurn. Munur á raski milli valkosta er talinn óverulegur. Eins og kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar telur Hafnarfjarðarbær ekki ávinning af því að leita annarra svæða á Völlunum fyrir íþróttastarfsemi Hauka enda ekki að sjá að það komi í veg fyrir rask á eldhrauni auk þess sem það uppfyllir ekki markmið framkvæmdar. Bent er á að töluverður hluti bæjarins, þ.e.a.s. Vellirnir, er staðsettur á eldhrauni og líklegur til að innihalda sambærilegt gróðurlendi. Sveitarfélagið hefur markað skýra stefnu um hvar verði þéttbýli og hvar verði óbyggð svæði og hefur unnið í samræmi við hana undanfarni ár.

Bent er á að ekki verði rask á eða við Ástjörn. Með tilgreindum mótvægisáðgerðum er tryggt að framkvæmd hafi ekki áhrif á vatnsflæði í eða úr tjörninni. Ekki er talið að framkvæmd komi til með hafa áhrif á álfतालauk eða tjarnalauk.



Hafnarfjarðarbær tekur ekki undir með Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) að framkvæmdin sé þess eðlis að hún teljist matsskyld. Líkt og kemur fram í umsögn NÍ er fjallað ítarlega um umhverfisáhrif framkvæmdar og því liggja fyrir öll helstu áhrif framkvæmdar. Hafnarfjarðarbær telur að rask á 0,63 ha eldhrauni, sem hefur þegar verið raskað vegna uppbyggingar, geti ekki talist sem nægilegar forsendur fyrir matsskyldu framkvæmdanna.

Í umsögn segir:

3. „Jafnvel þótt allt takist eins vel og vonast er til við útfærslur á mótvægisáðgerðum er ekki hægt að horfa framhjá því að nálægð framkvæmdasvæðisins við viðkvæmt og fjölbreytt lífríki Ástjarnar, gróður, smádýralíf og fuglalíf, er afar mikil. Því er líklegt að lífríkið verði fyrir truflunum af ýmsum toga, bæði á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Ípróttastarfsemi í knatthúsi og á æfingavöllum utandyra getur fylgt hávaða- og ljósmengun sem truflar mögulega fuglalíf. Aukin umferð fólks um svæðið eykur hættu að erfiðara verði að fylgja eftir friðlýsingarskilmálum t.d. um rusl, truflun á dýralífi, lausagöngu hunda o.s.frv. Jaðarsvæði með ræktuðum gróðri er staðsett þétt upp við náttúruleg gróðurlendi m.a. votlendis- og ferskvatnsvistgerðir þar sem sjaldgæfar plöntutegundir vaxa. Til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif byggðar og athafna á friðlýst svæði er að mati Náttúrufræðistofnunar alltaf heppilegra að hafa skýrt afmarkað og nægilega stórt jaðarsvæði í kringum.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær bendir á að framkvæmd samræmist núverandi landnotkun á svæðinu. Lýsing og mögulegur hávaði frá svæðinu er þegar til staðar og gert er ráð fyrir óverulegri breytingu á því eftir að framkvæmdum lýkur. Hvað varðar hávaða á framkvæmdatíma hefur í matsskyldufyrirspurn verið lagt til sem mótvægisáðgerð að hávaðasamar framkvæmdir fari ekki fram á meðan á viðkvæmum varptíma stendur (1. maí - 15. júlí). Með fyrirhugaðri færslu á knatthúsi, færast knatthúsið til norðausturs, þar sem nú er knattspyrnuvöllur. Það verður því að teljast líklegra að það dragi úr hávaða næst Ástjörnninni en að hann aukist frá því sem nú er.

Hafnarfjarðarbær tekur ekki undir með NÍ að aukin uppbygging á ípróttasvæði Hauka hafi sjálfkrafa í för með sér að fleiri fari um útivistarsvæðið við Ástjörn. Ekki er gert ráð fyrir raski á ræktuðum trjágróðri, jaðarsvæðinu sem er staðsett á milli Ástjarnar og ípróttasvæði Hauka. Friðlandið og Ástjörnin er eftirsóknarvert útivistarsvæði og verður það áfram. Það er hins vegar ekki bein tenging við nýtingu friðlandsins við starfsemi ípróttasvæðisins.

Í umsögn segir:

4. „Áhrifum á landslag og ásýnd er ágætlega lýst og ljóst að neikvæð áhrif verða mest horft til vesturs frá friðlandinu og fólkvanginum, Ástjörn og Ásfjalli, en einnig úr suðri frá byggð og útivistarsvæðum innan um hraunið. Knatthúsið verður mjög áberandi kennileiti sem og nýir æfingavellir. Náttúrulegt umhverfi sem eftir er og verndarsvæði verður aðþrengt og skil milli náttúru og byggðar ekki eins mjúk og alla jafna hæfilegt er fyrir útivistarsvæði. Þá er ljóst að hljóðvist og ljósmengun frá ípróttasvæðinu munu hafa áhrif á upplifun útivistarfólks innan verndarsvæðisins.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Athugasemd um að knatthúsið og æfingavellir verði áberandi kennileiti eru í samræmi við niðurstöðu umhverfismats. Hafnarfjarðarbær getur ekki séð hvaðan viðmið NÍ kemur um að skil milli náttúru og byggðar á útivistarsvæðum skulu vera mjúk enda á það ekki alltaf við þegar um þéttbýli er að ræða. Lýsing og mögulegur hávaði frá svæðinu er þegar til staðar. Hönnun lýsingar á æfingavöllum verður með þeim hætti að lampar verði með stefnuvirkri lýsingu með skermingu til að tryggja að lýsing hafi sem minnst áhrif utan vallar.



Áhrif framkvæmdar á landslag og ásýnd liggja ljós fyrir, þar sem birtar hafa verið ásýndarmyndir fyrir og eftir framkvæmd (sjá fleiri ásýndarmyndir hér að neðan). Að mati Hafnarfjarðarbæjar er ekki að sjá hverju það myndi bæta við umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd að fara með framkvæmdina í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Þá er það mat bæjarins að bygging mannvirkis í þéttbýli, sem er í samræmi við landnotkun og er hluti af manngerðu umhverfi, geti ekki talist hafa veruleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum.



Í umsögn segir:

”Eins og áður segir tekur Náttúrufræðistofnun Íslands því ekki undir niðurstöðu Hafnarfjarðarbæjar um að framkvæmdin við uppbyggingu íþróttasvæðis Hauka á Völlunum sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Tilefni er til að skoða nánar umhverfisáhrif, áhrif á landslag og meta betur valkosti.”

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Líkt og fyrr segir tekur Hafnarfjarðarbær ekki undir með Náttúrufræðistofnun Íslands um matsskyldu framkvæmdar. Helstu áhrif framkvæmdar á



umhverfið liggja fyrir og geta ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Valkostagreining á uppbyggingu íþróttasvæðis Hauka hefur farið fram auk þess sem lagðar hafa verið til mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum á náttúruferfandi landsins við Ástjörn og knatthús fært fjær friðlandsmörkum.

2.2 Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs

Í umsögn segir:

5. „Af greinargerð VSÓ ráðgjafar má ráða að Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hafi flokkað Ástjörn sem ósnortið vatn, flokk A samkvæmt reglugerð 796/1999 og sett fram langtímamarkmið fyrir tjörnina sem byggð hafi verið á gerlamælingum stofnunarinnar á Ástjörn. Hið rétta er að Tryggvi Þórðarson vatnalíffræðingur rannsakaði vatnið og flokkaði fyrir Hafnarfjarðarbæ. Skýrsla hans byggði á ítarlegri vatnafræði- og efnafræðilegri úttekt sem tók yfir liðlega eitt ár í samræmi við kröfur reglugerða, en skýrslan kom út 2010. (Í sinni vinnu hafði hann stöð af vitneskju eftirlits um Ástjörn og gerlamælingum okkar en samkvæmt þeim einum væri vatnið nær flokki B). Reglugerðin gerir ráð fyrir að flokkun vatna sé reglulega endurmetin. Hafnarfjarðarbær hefur falið heilbrigðiseftirliti að afla gagna til að undirbyggja reglubundið endurmat“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær þakkar fyrir ábendinguna. Að öðru leyti krefst umsögnin ekki viðbragða.

Í umsögn segir:

6. „Í skýrslunni kemur fram að í Ástjörn sé að finna eina flórgoðavarpíð á Suðurlandi og að tegundin sé alfriðuð og á valista. Flórgoðinn sé tákn fyrir lífríki Ástjarnar. Ástjörn var friðlýst árið 1978 til að vernda eina flórgoðavarpíð á suðvesturlandi. Á sama tíma var flórgoða aðeins að finna á fáeinum vötnum á norðausturlandi. Á allra seinustu árum hefur orðið umtalsverð breyting þar á. Flórgoði verpir orðið víðar á suðveturlandi og hafa t.d. nokkur pör verpt á Vífilstaðavatni og Elliðavatni undanfarið ár eftir að farið var að hlúa að varpstæðum og veita honum öryggi. Stofn flórgoða á suðvesturlandi hefur greinilega styrkst en öðru máli virðist gegna um flórgoða á Ástjörn. Ekki er víst að hann hafi orpið þar undanfarið. Að jafnaði munu skipulagðar talningar fara fram á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands á u.þ.b. fimm ára fresti og var síðast talið 2016. Einni náttúrufræðistofu hefur verið falin framkvæmd talninga á vötnum í sumar. Árið 1996 var friðland Ástjarnar stækkað og samþykkt að stofan til fólkvangs við Ástjörn og austurhlíð Ásfjalls. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðarbæjar og bæjarfélagið bera ábyrgð og hafa umsjón.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær þakkar fyrir ábendinguna. Þessar upplýsingar breyta ekki niðurstöðum matsskyldufyrirspurnarinnar og krefst umsögnin því ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

Í umsögn segir:

7. „Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er ekki með eftirlit eða er leyfisveitandi fyrir boðaðar framkvæmd á Ásvöllum.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.



Í umsögn segir:

8. „[...] Í skýrslu VSÓ raðgjafar segir að „Þar sem gröftur framkvæmdarinnar nái ekki niður að hæstu grunnvatnsyfirborði sé ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi ætti flæði grunnvatns úr Ástjörn að haldast óbreytt.“ Það er verkfræðilegt úrlausnarefni að reisa jafn stórt mannvirki og hér um ræðir án þess að hafa áhrif á sitt undirlag. Samkvæmt skýrslunni telur framkvæmdaraðili að þau mál verði leyst og vatnshæð Ástjarnar verði tryggð. Er það vel.“


Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

Í umsögn segir:


9. „Það hefur verið mat skýrsluhöfundar að fjalla ekki um skuggaáhrif mannvirkis. Í raun er ekki hægt að segja að fjallað sé að nokkru marki um það mannvirki sem á að reisa. Hús sem er sagt verða 25 metra á hæð og sem hýsa á heilan knattspyrnuvöll með öllu því sem slíku fylgir. Það er ljóður á skýrslunni að hafa ekki gert það. Eina myndin í skýrslunni sem sýnir áætluð svipmót af svæðinu í lok verk tíma er mynd nr. 5.5. Að ósekju hefði mátt sýna myndir úr fleiri áttum og vinklum og þá um leið að leggja mat á skuggaáhrif.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Mynd 1, sem kemur úr gögnum fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingar, gerir grein fyrir áætluðu skuggavarp í mars og júní frá byggingum á Ásvöllum. Eins og sést á myndinni er ekki gert ráð fyrir að knattúsið komi til með að varpa skugga á Ástjörn að ráði, sér í lagi ekki á meðan viðkvæmur varptími fugla stendur yfir. Ekki er talið að skuggavarp geti talist áhrifavaldur fyrir lífríki á svæðinu.


SKUGGAVARP




21. MARS - KL. 09.00




21. MARS - KL. 13.00




21. MARS - KL. 17.00



21. JÚNÍ - KL. 09.00



21. JÚNÍ - KL. 13.00



21. JÚNÍ - KL. 17.00



Mynd 1 Áætlað skuggavarp mannvirkja vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingar á Ásvöllum (ASK Arkitektar, 2019).



Í umsögn segir:

10. „Í skýrslu VSÓ ráðgjafar eru nefndar ýmsar góðar mótvægisáðgerðir sem farið verður í til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdar. Þar má nefna verkfræðilegar útfærslur til að tryggja óbreytta lekt stemmis, regnvatnslausnir og ýmsar áhættuminnkandi áðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmdar. Er það vel. Kafli 5.9, samantekt umhverfisáhrifa sýnir töflu þar sem lagt er mat á áhrif framkvæmda bæði samkvæmt gildandi deiliskipulagi og þess sem áformað er þar sem m.a. Íþróttaleikvanginum hefur verið fundinn önnur staðsetning. Þetta er matskennd samantekt. Í umsögn þessari er einvörðungu litið til áhrifa nýrrar staðsetningar íþróttaleikvangsins á verndarsvæði Ástjarnar, þ.e. til dálka í töflunni er meta áhrif á vatnafar og á lífríki og gróður. Áform um að tryggja að ekki verði aukið grunnvatnsflæði frá Ástjörn við framkvæmdina eða að henni lokinni eru vissulega góð. En hafa þarf í huga allan verktímann og við alla hönnun að vatnasvið Ástjarnar er lítið og vatnið mjög grunnt. Það má því lítið út af bera til að aukin lekt valdi ekki óafturkræfu tjóni.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær tekur undir með heilbrigðiseftirlitinu um viðkvæmni svæðisins. Mótaðar hafa verið mótvægisáðgerðir og áhættuminnkandi áðgerðir til að draga úr mögulegum áhrifum byggingarinnar og jarðraski í tengslum við byggingu hennar á lífríki og gróður friðlandsins. Eftirlit verður með framkvæmdum á framkvæmdatíma.

Í umsögn segir:

11. „Mat skýrsluhöfunda á lífríki og gróður er þröngt en ekki endilega rangt. Gangi allt fram á hinn besta veg sem skýrsluhöfundur greinir frá kann framkvæmdin sjálf að hafa takmörkuð neikvæð áhrif. Það er hins vegar þörf að minna hér á að framkvæmdaraðilinn, Hafnarfjarðarbær hefur frá árinu 1996 borið ábyrgð á framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar. Á þeirri framkvæmd hafa verið ýmsir hnökrar. Til áréttingar því má nefna að á árinu 2019 leiddu fjögur flógoðapör á Vífilstaðavatni út unga og komust sennilega 12 þeirra upp. Ekki er víska hvort flógoði hafi orpið á Ástjörn það sama ár eða komið upp ungum.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að hér er uppbygging íþróttasvæðis Hauka til umfjöllunar en ekki framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar. Lagt hefur verið mat á áhrif uppbyggingarinnar á lífríki og gróður, valkostir bornir saman og lagðar fram mótvægisáðgerðir til að draga úr og koma í veg fyrir neikvæð áhrifum.

Athugasemd um að framkvæmdin sjálf kann að hafa takmörkuð áhrif á lífríki og gróður er í samræmi við niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar.

Í umsögn segir:

12. „Allar mótvægisáðgerðir sem boðaðar eru í skýrslu VSÓ ráðgjafar fjalla um framkvæmdina sjálfa en ekki álag frá rekstri stórhýsis í kvöldsólarátt víð svæði Ástjarnar. Rekstur íþróttaleikvangs í þessari stærð mun óhjákvæmilega hafa áhrif innan friðlýsta svæðisins. Ef það er vilji Hafnarfjarðarbæjar að viðhalda friðlýsingu svæðisins þá kallar þessi framkvæmd á annars konar mótvægisáðgerðir en þær sem eru tilteknaðar í skýrslu VSÓ ráðgjafar. Árið 2019 var unnin rannsókn og skýrsla fyrir Hafnarfjarðarbæ og heilbrigðiseftirlitið, Vöktun á yfirborðsvatni í Hafnarfjarðarbæ, Ástjörn og lækir í Hafnarfriði (höf. Sunna Hrund Sverrisdóttir.). Á bls. 6 í þeirri skýrslu er að finna ýmiss atriði sem hægt væri að nýta til mótvægis. Þar má m.a. nefna að girða af Ástjörn og loka fyrir aðkomu á varptíma. Frá 1. maí til 15. júlí eins og mælt er fyrir um í friðlýsingunni. Hafa skipulega vörslu á svæðinu. Sitja upp fræðslu og leiðbeiningaskilti og í kjölfarið að hlúa að varpstæðum fyrir flógoða.“



Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær vísar til þess að matsskyldufyrirspurn tekur fyrir uppbyggingu íþróttasvæðis Hauka en ekki framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar. Ekki er talið að uppbyggingin geti verið beinn orsakavaldur þess að umferð aukist um friðland Ástjarnar enda iðkendur íþróttasvæðisins ekki meginnotendur útivistarsvæðisins. Hafnarfjarðarbær tekur þó vel í allar tillögur að betrubótum fyrir friðlandið en umræður þess efnis eiga heima á öðrum vettvangi.

Líkt og kemur fram hér að ofan er ekki gert ráð fyrir að skuggavarþ frá knatthúsi komi til með að hafa áhrif á lífríki Ástjarnar. Lagt hefur verið mat á áhrif framkvæmdar á umhverfið og lagðar til mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum og áhættuminnkandi áðgerðir á rekstrartíma.

Í umsögn segir:

13. „Þó margt gott og nýtanlegt sé að finna í skýrslu VSÓ ráðgjafar veldur það ákveðnum vonbrigðum hvað lítið er fjallað um þungamiðju framkvæmdarinnar, íþróttaleikvanginn – fjölnota knatthús. Hvað áformuð breyting, þ.e. að flytja staðsetningu leikvangsins að mörkum friðlýsta svæðisins, getur haft til frambúðar fyrir friðlýsta svæðið umfram núverandi deiliskipulag og hvaða mótvægisáðgerðir eru mögulegar.

Í umsögn þessari var sagt að hnökrar hafi verið á framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar. Það var vægt sagt og þarf ekki annað er að renna yfir listann í töflu 3.2, Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun, í greinagerð VSÓ ráðgjafar til að sannfærast um það eða lesa skýrslu Sunnu Hrunnar Sverrisdóttur sem vikið var hér að framan. Verði ekki breyting á framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar styttest í þann dag að flórgoði hættir að reyna varp við Ástjörn. Ekki verði þá lengur þörf á friðlýsingu Ástjarnar.

Verði farið í boðaðar framkvæmdir án þess að hugað verði að þessum þáttum er eins líklegt að það styttest ennfrekar í þann dag. Hætt er við að íþróttaleikvangurinn verður þá hugsanlega tengdur flórgoðanum eins og Ástjörn er í dag en því miður með öðrum formerkjum. Með ofan sögðu er ekki verið að fullyrða að bygging og rekstur íþróttaleikvangs af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir geti ekki samrýmst nálægu friðlýstu svæði. Það er einfaldlega verið að segja að skýrsla VSÓ ráðgjafar svari ekki áleitnum spurningum. Matsfyrirspurnin sé vanreifuð.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær tekur ekki undir með heilbrigðiseftirlitinu að matsskyldufyrirspurnin sé vanreifuð og ekki sé gerð grein fyrir áhrifum knatthússins. Þvert á móti er farið ítarlega í áhrif knatthússins t.a.m. á vatnafar, jarðmyndanir, landslag og ásýnd. Við mótun matsskyldufyrirspurnar og undirbúningi fyrir hönnun hússins hefur verið lagt til að undirstöðum knatthússins verði breytt í þeim tilgangi að draga úr áhættu á áhrifum á vatnafar Ástjarnar. Í þessu skjali hefur jafnframt verið gerð grein fyrir mögulegum áhrifum skuggavarps byggingannar á lífríki og eru þau talin óveruleg. Ekki er að sjá á umsögn heilbrigðiseftirlitsins hvaða önnur áhrif það eru sem þau telja vera vanreifuð.



2.3 Umhverfisstofnun

Í umsögn segir:

14. „Í tilkynningarskýrslu er fjallað um tvo framkvæmdakosti, skv. tillögu að nýju deiliskipulagi annars vegar og gildandi deiliskipulagi hins vegar, auk núllkosti. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun skýrslunnar í meginatriðum þess eðlis að nýtt skipulag er borið saman við eldra en lítið um samanburð við núllkost, þ.e. núverandi ástand svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að ekki hefur áður farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og því æskilegt að núverandi ástand sé notað til viðmiðunar.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Núllkostur felur í sér óbreytt ástand og er notaður sem grunnviðmið til að meta áhrif framkvæmda á umhverfið. Ef ekki verður af framkvæmd mun ekki koma til þeirra áhrifa sem valkostir hafa. Þar má helst nefna neikvæð áhrif á jarðminjar og óveruleg til neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, og lífríki og gróður.

Í umsögn segir:

15. „Á suðurhluta deiliskipulagða svæðisins eru teiknaðir æfingavellir en ekki er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmda við vellina í tilkynningarskýrslu. Umhverfisstofnun telur að mat á umhverfisáhrifum þurfi að fjalla um framkvæmir á Ásvöllum í heild til að gefa rétta mynd af áhrifunum, m.a. á vatnafar Ástjarnar.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir áhrifum æfingarvallanna á suðurhluta svæðisins. Helstu áhrif vallanna felast í raski á gróðri og eldhrauni en ekki er talinn munur á milli valkosta. Líkt og fyrr hefur komið fram telur Hafnarfjarðarbær þörfina á uppbyggingu íþróttasvæðisins brýna og að mati sveitarfélagsins fellur það undir almannahagsmuni að geta boðið börnum og unglingum aðstöðu til að stunda íþróttir.

Í umsögn segir:

16. „Fram kemur í tilkynningarskýrslu að ekki er búist við raski innan friðlandsins við Ástjörn. Samkvæmt viðbótarupplýsingum frá framkvæmdaraðila mun byggingarreiturrinn liggja upp að mörkum friðlandsins. Umhverfisstofnun telur hættu á að með fyrirhugaðri staðsetningu muni rask ná inn fyrir mörk friðlandsins og telur mikilvægt að við veitingu framkvæmdaleyfis sé skýrt að slíkt sé ekki heimilt.“ Bent er á friðlýsingarskilmála Ástjarnar varðandi mannvirkja gerð og jarðrask, og mikilvægi Ástjarnar varðandi afkomu flórgoðastofnsins.

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Mikilvægar hönnunarforsendur mannvirkja snúa að því að takmarka allt rask innan þess svæðis sem skilgreint er sem íþróttasvæði og um leið að tryggja að ekkert rask verði á friðlandi Ástjarnar. Hafnarfjarðarbær mun setja það inn í skilmála deiliskipulags og byggingarleyfis að óheimilt er að raska friðlandinu.

Í umsögn segir:

17. „Umhverfisstofnun telur útséð að knatthúsið verði mjög áberandi og líklega ráðandi einkenni í landslagi friðlandsins. Framkvæmdin mun líklega hafa veruleg áhrif á upplifun gesta sem fara um friðlandið og fólkvanginn og stunda þar útivist. Því er það mat stofnunarinnar að framkvæmdin hafi talsvert neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og þ.a.l. verndargildi friðlýsta svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta



svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram þær forsendur að uppbygging ípróttasvæðisins í samræmi við stefnu bæjarins raski ekki friðlandinu eða vatnsfarvegum Ástjarnarinnar. Bærinn telur að með vönduðum undirbúningi og skýrum skilmálum muni það takast.

Ípróttasvæði Hauka hefur verið á skipulagi í mörg ár og hefur uppbygging þess verið í samræmi við þarfir og íbúafjölgun. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stærstum hluta manngert þar sem byggð hafa verið mannvirki fyrir ípróttastarf.

Það er ljóst að breyting verði á ásýnd svæðisins með tilkomu knatthúss. Þá ber að geta þess að gildandi skipulag gerir ráð fyrir knatthúsi. Ásýnd svæðisins mun breytast, en Hafnarfjarðarbær hefur litið til þess og hugað m.a. að núverandi skjólbelti sem umlykur ípróttasvæðið. Auk þess eru fjölmörg mannvirki í nágrenninu, s.s. tvöföld Reykjanesbraut, Ásbraut, ípróttahús Hauka og íbúðarbyggð. Þannig að nærumhverfi Ástjarnar er mjög manngert, sem að mati Hafnarfjarðarbæjar, dregur úr umfangi sjónrænna áhrifa.

Að mati Hafnarfjarðarbæjar verður ekki grundvallarbreyting á áhrifum á friðlandið. Mannvirki verða sýnileg, en miðað við að um er að ræða umhverfi sem þegar einkennist af manngerðu landslagi að hluta er ekki unnt að meta ásýndarbreytingar sem verulega neikvæðar skv. skilgreiningu í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Hafnarfjarðarbær hefur í hönnunarferli svæðisins leitað margvíslegra leiða til að draga úr ásýndarbreytingum s.s. með því að færa byggingu fjær friðlandsmörkum.

Í umsögn segir:

18. *„Tekið er fram í skýrslunni að á framkvæmdasvæðinu er að finna óraskað nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga en að óhjákvæmilegt sé að raska hrauninu á svæðinu þar sem þörf er á uppbyggingu ípróttasvæðis og ekki talið æskilegt að gera það annarsstaðar. Tekið er fram að skýrir hagsmunir liggja í bættri þjónustu við íbúa. Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslunni er umfang rasks á hrauni metið með samanburði milli framkvæmdakosta en ekki við núllkost. Þá er ekki fjallað um rask á hrauni á suðurhluta framkvæmdasvæðis. Umhverfisstofnun minnir á að skv. 61. gr. laganna ber að forðast að raska eldhrauni frá nútíma nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir eru ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst almannahagsmunir.“*

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær er meðvitaður um mikilvægi og verndargildi eldhrauna í sveitarfélaginu. Afmörkuð hafa verið atvinnu-, íbúðar-, stofnanasvæði og innviðir í aðalskipulaginu til að móta skýr skil á milli manngerðs umhverfis og náttúru. Innan manngerða umhverfisins hefur hrauni verið raskað, en sú röskun talin óhjákvæmileg til að mæta þörfum stækkandi sveitarfélags sem falla undir almannahagsmuni og brýna nauðsyn. Hafnarfjarðarbær hefur því mótað skýr skil hvar skulu ekki vera framkvæmdir og þannig lagt fram skýra stefnu um verndun eldhrauna.

Framkvæmdir á ípróttasvæði Hauka koma til með að raska hrauni sem er innan ípróttasvæðisins. Dregið hefur verið úr því raski eins og kostur er, t.d. fallið frá gerð stíga og áningarstaðar innan þess. Þörfin á uppbyggingu ípróttasvæðisins er brýn og að mati sveitarfélagsins fellur það undir almannahagsmuni að geta boðið börnum og unglingum aðstöðu til að stunda ípróttir. Aðrir kostir væru að leita svæða utan ípróttasvæðis Hauka. Ekki er vitað um ákjósanlegri svæði í nágrenninu og það er ekki áhugi eða ávinningur að



byggja upp íþróttastaðstöðu víða á Völlunum. Jafnframt verður að teljast mjög líklegt að aðrir staðarkostir hefðu ekki minni áhrif á eldhraun.

Því er það mat Hafnarfjarðar að í undirbúningi hafi, í samræmi við náttúruverndarlög, verið könnuð þörf á framkvæmd, skoðaðir aðrir kostir og dregið sem kostur er úr áhrifum.

Í umsögn segir:

19. „Samkvæmt nýlegum loftmyndum af svæðinu hefur óhreyfðu hrauni verið raskað þar á undanförunum árum. Þar á meðal er hluti þess hrauns sem er ætlað að varðveita í gildandi og fyrirhuguðu deiliskipulagi svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Eins og hefur komið fram í fyrri svörum að þá verður ekki komist hjá því að raska hrauni. Með tilfærslu mannvirkja verða breytingar á raski en munurinn er óverulegur milli valkosta. Alls er gert ráð fyrir að rask verði um 0,63 ha. En í skipulagsvinnu og með breyttri útfærslu, m.a. vegna ábendinga um rask á hrauni, hefur verið breytt fyrirkomulagi stígakerfis til að tryggja að eftir standi heildstætt svæði í stað þess sem áður var gert ráð fyrir.

Áður en framkvæmdir geta hafist mun Hafnarfjarðarbær tryggja að fyrir liggi öll nauðsynleg leyfi.

Í umsögn segir:

20. „Að mati Umhverfisstofnunar fylgja valkosti um gildandi deiliskipulags minni sjónræn áhrif innan friðlandsins og minna rask á nútímahraun borið saman við valkost deiliskipulagsbreytingar. Ekki er að mati stofnunarinnar færð nægilega góð rök í tilkynningarskýrslu um nauðsyn breytingarinnar. Umhverfisstofnun tekur fram að báðir valkostir fyrir byggingu knatthúss á Ásvöllum munu hafa umtalsverð áhrif á ásýnd friðlandsins að mati stofnunarinnar.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær telur að færð hafa verið góð rök fyrir breytingu á deiliskipulagi í umfjöllun um forsendur í matsskyldufyrirspurn. Markmiðið er að tryggja aukið framboð íbúðarhúsnæðis í samræmi við megin markmið húsnæðisstefnu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 og fjölbreytt framboð íbúðahúsnæðis og búsetuforma í samræmi við Húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar 2018 -2026. Markmiðið er



einnig um leið að styrkja þá starfsemi sem þegar er staðar á hagkvæman hátt með því að nýta núverandi innviði sem best, s.s. gatnagerð, veitukerfi og skóla.

Þannig er stuðlað að bættri nýtingu svæða innan bæjarins sbr. markmið aðalskipulags um uppbyggingu þéttrar og blandaðrar byggðar sem og þéttingu byggðar í samræmi við greinargerð starfshóps um þéttingu byggðar sem unnin var árið 2016.

Í umsögn segir:

21. „*Ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála í tilkynningarsskýrslu framkvæmdar en fyrsta vatnaáætlun Íslands 2022-2027 er nú í auglýsingu og má nálgast á vefsíðunni www.vatn.is. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðar nr. 535/2011, um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfisstofnun bendir á að Ástjörn, sem hefur vatnshlotanúmerið 104-2302-L undir stjórn vatnamála, er á skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði sbr. 25. gr. laganna, en þar er m.a. að finna svæði sem eru friðlýst vegna sérstöðu vatns.*“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Tekið er undir að rétt hefði verið að vísa til laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Hafnarfjarðarbær hefur lagt mikla áherslu á Ástjörnina í matsskyldufyrirspurninni og skipulagsvinnu. Mikilvægur þáttur í undirbúningi hefur verið að móta forsendur og skilmála fyrir framkvæmdir sem tryggja að vatnsbúskapur Ástjarnar verði ekki fyrir áhrifum.

Í umsögn segir:

22. „*Umhverfisstofnun telur framkvæmdina geta haft áhrif á vatnsstöðu og lífríki Ástjarnar. Tjörnin er affallslaust lindarvatn sem er, að mati Umhverfisstofnunar, þegar undir töluverðu álagi vegna uppbyggingar mannvirkja umhverfis friðlandið og því viðkvæmt fyrir breytingum á vatnsstöðu þess. Samkvæmt deiliskipulagsdrögum eru áform um æfingavelli á suðurhluta skipulagssvæðisins þar sem tekið er fram í tilkynningarsskýrslu að náttúrulegt yfirfall tjarnarinnar renni í leysingum. Því telur stofnunin hættu að framkvæmdir á suðurhluta lóðarinnar geti haft varanleg áhrif á vatnsyfirborðið og lífríki tjarnarinnar.*“

Vísað er til skýrslu um vatnasvið Ástjarnar frá árinu 2002. Umhverfisstofnun bendir á töluverð uppbygging hefur orðið á svæðinu síðan skýrslan var gerð og telur stofnunin nauðsynlegt að nýjar athuganir séu gerðar á vatnasviði Ástjarnar til þess að meta áhrif framkvæmdar. Með þeim athugunum gæti framkvæmdaraðili kannað hvort einhverjar breytingar hafi orðið á vatnasviði Ástjarnar frá fyrri rannsóknum og metið meta sérstaklega áhrif framkvæmdakosta og hugsanlegra mótvægisaðgerða á vatnasviðið.

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum má ekki breyta vatnsyfirborði Ástjarnar. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdaraðili útbúi áætlun um vöktun á vatnsyfirborði tjarnarinnar auk viðbragðsáætlunar um aðgerðir sem gripa skyldi til verði vart við breytingar á vatninu. Umhverfisstofnun tekur fram að breytingar umfram það sem telst til náttúrulegra breytinga á vatnsstöðu geta haft umtalsverð áhrif á lífríki tjarnarinnar, m.a. með auknu gruggi, rofi vatnsbakka og áhrifum á gróður og dýralíf.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær tekur ekki undir með Umhverfisstofnun að uppbygging frá 2002 hafi haft áhrif á Ástjörn og að skýrsla Orkustofnunar sé þannig ekki marktæk. Bent skal á að hæðarlínur á svæðinu hafa ekki tekið breytingum og eins og sjá má á mynd 2, sem sýnir loftmyndir af www.map.is á árunum 2002-2020, hafa útlínur Ástjarnar ekki tekið breytingum. Minnt er á að einhverjar árstíðarsveiflur eru á hæð tjarnarinnar.



Í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar var hæð Ástjarnar mæld 20,7 m.y.s. við borholu ÁS-01 og 20,4 m.y.s. við borholu ÁS-02.

Í tengslum við vinnu matsskyldufyrirspurnar var undirstöðum byggingarinnar breytt þannig að hæð graftarbotns sé a.m.k. 0,5 m fyrir ofan hæstu mögulegu grunnvatnsstöðu Ástjarnar, þ.e. að hæð graftarbotnsins verði ekki lægri en 21,5 m.y.s. Þar sem gröftur framkvæmdarinnar nær ekki niður að hæsta grunnvatnsyfirborði er ekki talin hætta á að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á vatnsstöðu Ástjarnar.

Ástjörn flæðir yfir til vesturs á yfirfalli. Fjallað var um viðbrögð við því í tengslum við fyrirhugaða ípróttavelli í skýrslu Orkustofnunar frá 2002. Þar segir:

„Áformaðir eru fjórir knattspyrnuvellar á þeim slóðum, þar sem affallið frá Ástjörn er nú að síga í jörðu niður í flóðum, [...] Það mun efallítið valda breytingum á því hvar og hvernig vatnið sígur í jörð niður. Þó að landið þarna verði væntanlega hækkað töluvert undir völlum og það gert með vel vatnsleiðandi uppfyllingarefni (t.d. grjóti eða grófri mól) virðist að svo stöddu vera óráðlegt annað en að gera ráð fyrir einhvers konar niðurfali verði á affallssvæði Ástjarnar.

Þegar vatnsstaðan í Ástjörn er svo há að vatn flæðir vestur á vellina, verður að vera hægt að taka við því þar og leiða burt ef væntanlegir eigi ekki að liggja undir skemmdum vegna vatnsaga. Eðlilegast er að flóðvatninu yrði náð í vítt rör sem veitti því að hraunkantinum. Þar yrði grafnir djúpir brunnar eða svelgir til þess að hleypa vatninu fljótt og greiðlega niður í hraunjaðarinn eða boraðar víðar holur.“¹


Þegar hafa verið boraðar svelgholur til að taka við affalli frá Ástjörn í tengslum við að verja byggðina vestur af svæðinu og munu þær holur þjóna sama tilgangi þegar ípróttavellirnir komast í gagnið. Svelgholur eru grunnar holur, sem falla ekki undir viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Með ofangreind atriði í huga telur Hafnarfjarðarbær að fyrirliggjandi gögn um vatnsstöðu séu fullnægjandi og að framkvæmd komi ekki til með að hafa áhrif á vatnsstöðu Ástjarnar. Framkvæmdin fer því ekki gegn friðlýsingarskilmálum Ástjarnar.

¹ Þórólfur H Hafstað og Freysteinn Sigurðsson. (2002). Ástjörn við Hafnarfjörð, um breytingar á grunnvatnshæð undir nýrri byggð. Greinagerð ÞHH-FS-09-2002.Orkustofnun, Rannsóknarsvið.




Mynd 2 Ástjörn á tímabilinu 2002 – 2020 (myndir sýna loftmyndir frá árunum 2002 og 2004). Heimild: Map.is



Mynd 2 Ástjörn á tímabilinu 2002 – 2020 (myndir sýna loftmyndir frá árunum 2006 og 2008). Heimild: Map.is



Mynd 2 Ástjörn á tímabilinu 2002 – 2020 (myndir sýna loftmyndir frá árunum 2010 og 2012). Heimild: Map.is



Mynd 2 Ástjörn á tímabilinu 2002 – 2020 (myndir sýna loftmyndir frá árunum 2014 og 2016). Heimild: Map.is



Mynd 2 Ástjörn á tímabilinu 2002 – 2020 (myndir sýna loftmyndir frá árunum 2018 og 2020). Heimild: Map.is



Í umsögn segir:

23. „Umhverfisstofnun telur ljóst að bygging knatthúss á Ásvöllum muni hafa talsvert neikvæð sjónræn áhrif innan friðlandsins að Ástjörn. Stofnunin telur líklegt að framkvæmd skv. gildandi deiliskipulagi hafi minni sjónræn áhrif á friðlandið en framkvæmd skv. nýrri tillögu. Þá telur Umhverfisstofnun hættu á að framkvæmdin hafi varanleg áhrif á vatnafar Ástjarnar og lífríki hennar, en að mögulega megi koma í veg fyrir þau áhrif með mótvægisáðgerðum. Að mati stofnunarinnar eru ekki nægar upplýsingar um núverandi ástand Ástjarnar til að leggja mat á endanleg áhrif og æskilegar mótvægisáðgerðir. Með vísan í framangreint er það mat Umhverfisstofnunar að ofangreind framkvæmd, eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu, sé líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og að nokkur óvissa ríki um áhrif framkvæmdar á vatnafar tjarnarinnar. Stofnunin telur ferli umhverfismats heppilegt til að meta þau og finna æskilegar mótvægisáðgerðir. Það er því mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Eins og fram hefur komið í þessu skjali koma mannvirki til með að verða sýnileg, en miðað við að um er að ræða umhverfi sem þegar einkennist af manngerðu landslagi að hluta er ekki unnt að meta ásýndarbreytingar sem verulega neikvæðar skv. skilgreiningu í lögum um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

Í matsskyldufyrirspurn hefur verið gerð grein fyrir og lagt mat á áhrif mannvirkja á umhverfið með tilliti til stærðar þeirra, samlegðar með öðrum framkvæmdum, landnýtingar, mengunar og ónæðis. Gerð er grein fyrir verndargildi svæðis og lagt mat á umfang áhrifa, tímalengd og líkur á áhrifum. Lagðar eru fram mótvægisáðgerðir og verklag skilgreint til að koma í veg fyrir mengun og áhrif á vatnsflæði í tjörnina. Innan manngerða umhverfisins hefur hrauni verið raskað, en sú röskun talin óhjákvæmileg til að mæta þörfum stækkandi sveitarfélags sem falla undir almannahagsmuni og brýna nauðsyn.

Hafnarfjarðarbær telur að þær forsendur sem settar eru fyrir framkvæmdir við íþróttasvæði Hauka séu til þess fallnar að neikvæð umhverfisáhrif geti ekki talist umtalsverð. Dregið hafi verið sem kostur er úr umhverfisáhrifum vegna uppbyggingar á Íþróttasvæði Hauka. Með vísan í framangreint er það mat Hafnarfjarðarbæjar að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

2.4 Minjastofnun Íslands

Í umsögn segir:

24. „Það hefur komið fram að staðsetning fjárhústóftarinnar er að öllum líkindum röng. Rétt staðsetning tóftarinnar viðrist vera nærri miðjum þess æfingavallar sem vera á í miðjunnaf þeim þremur sem koma á fyrir í suðvestur enda svæðisins. . . . Þessi hluti skipulagssvæðisins, þ.e. suðvesturendi þess, er óbreyttur frá gildandi skipulagi. Þegar það skipulag var unnið virðist sem gegnið hafi verið út frá rangri staðsetningu fornleifanna og æfingavellirnir staðsettir út frá því. Mikilvægt er að þetta verði endurskoðað.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Í samræmi við ábendingar Minjastofnunar hefur gögn verið leiðrétt. Búið er að setja inn rétta staðsetningu fornminja. Í kjölfar þess hefur verið ákveðið að breyta fyrirkomulagi knattvalla, m.a. til að tryggja að fjárhústóft raskist ekki. Þá er staðsetning fjárbyrgis slík að hún verði ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmda á íþróttasvæðinu. Til að tryggja að ekki verði rask á fornleifum verða þær merktar og öryggissvæði afmarkað.



Í umsögn segir:

25. „Minjastofnun bendir á að uppfæra þurfi skráningu fornleifa til þess að uppfylla kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar. . . . „Að því gefnu að gengið verði að kröfum Minjastofnunar Íslands sem fram koma hér að ofan telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Unnið verður að skráningu fornleifa í samræmi við kröfur Minjastofnunar.

2.5 Hafrannsóknarstofnun

Í umsögn segir:

26. “*Framkvæmd við stækkun íþróttamannvirkja Hauka á Ásvöllum getur haft neikvæð áhrif á grunnvatn. Það á bæði við um vatnshæð þess og líkur á að óæskileg efni safnist í of háum styrk í grunnvantið. Mótvægisaðgerðir sem koma fram í matsskyldufyrirspurninni eru þó þannig að sé þeim beitt til hins ýtrasta ætti að vera hægt að komast hjá því að raska grunnvatni á svæðinu. Mjög mikilvægt er að jarðrask nái ekki niður að hæsta vatnsborði grunnvatns þar sem það geti haft áhrif á afrennsli grunnvatns frá Ástjörn, sem er friðlýst vegna náttúrufars. Nái jarðrask niður fyrir hæsta grunnvatnsyfirborð getur það valdið auknu afrennsli af svæðinu sem myndi hafa í för með sér að vatnsyfirborð tjarnarinnar myndi lækka, sem myndi valda óafturkræfum neikvæðum afleiðingum fyrir náttúrufar tjarnarinnar.*

[...]

Lögð er áhersla á að [mótvægisaðgerðir] þarf að uppfylla til hins ýtrasta því framkvæmdasvæðið er á viðkvæmu svæði, sérstaklega hvað varðar berggrunninn sem er mjög lekur og mengun á því greiða leið niður í grunnvatn. Grunnvatn rennur í og úr Ástjörn, sem er mjög sérstakt náttúrufyrirbrigði á því eldbrunna landi sem er á framkvæmdasvæðinu. Mjög lítið er af yfirborðsvatni á svæðinu og það gerir tjörnina enn mikilvægari, bæði fyrir fuglalíf, vatnalíf og sem útivistarsvæði fyrir fólk.“

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Hafnarfjarðarbær tekur undir með Hafrannsóknarstofnun um mikilvægi og sérstöðu Ástjarnar. Með áhættuminnkandi aðgerðum og mótvægisaðgerðum sem kynntar eru í matsskyldufyrirspurn mun jarðrask ekki ná niður fyrir hæst grunnvatnsyfirborð og dregið er mjög úr áhættu á mengun frá framkvæmdasvæði á framkvæmdatíma. Eftirlit verður með framkvæmdum á framkvæmdatíma.

Í umsögn segir:

27. „*Vatnsyfirborði Ástjarnar (vatnshlot nr. 104-2302-L) má ekki raska samkvæmt friðlýsingunni, auk þess sem losun mengandi efna er óheimil á vatnasviði hennar. Markmiðið að ástand Ástjarnar sé mjög gott samkvæmt lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) og flokkist sem ósnortið vatn (flokkur A) samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999). Í matsskyldufyrirspurn eru birtar niðurstöður mælinga á saurkólígerlum sem er einn þáttur sem nota skal við flokkun vatns samkvæmt reglugerð nr. 796/1999. Hins vegar eru fleiri þættir sem nota skal við þá flokkun og eru það styrkur næringarefna og málma í vatni. Það er því mjög mikilvægt að hindra að mengað vatn frá framkvæmdasvæði komist í grunnvatn þar sem mikil hætta er á að það geti borist í Ástjörn.*

Annað sem vert er að nefna varðar framtíðarnotkun svæðisins. Að framkvæmdatíma liðnum og íþróttamannvirkin verða tekin í notkun er mikilvægt að áburðarnotkun á íþróttavöllum verði stýrt þannig að ekki berist næringarefni í grunnvatn. Það myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir vatnalífriki í Ástjörn og t.d. valdið þörungablóma sem gæti aftur valdið súrefnisskortri og fækkun tegunda vatnalífvera.“



Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Áburðarnotkun verður haldið í lágmarki á svæðinu. Hafnarfjarðarbær hefur falið heilbrigðiseftirliti að afla gagna í tengslum við reglubundið endurmat á flokkun Ástjarnar, í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Hafnarfjarðarbær mun í samráði við heilbrigðiseftirlitið skilgreina nauðsynlegt vöktun á ástandi Ástjarnar.

Í umsögn segir:

28. *„Í heildina litið telur Hafrannsóknastofnun að framkvæmdin þurfi ekki að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum séu allar mótvægisaðgerðir sem fram koma í matsskyldufyrirspurninni viðhafðar til hins ítrasta og að þess sé gætt að ástandi Ástjarnar hraki ekki vegna framkvæmdanna og reksturs íþróttamannvirkja á Ásvöllum. Einnig er bent á mikilvægi þess að tjörnin sé vöktuð m.t.t. gæðapátta, annarra en saurkólígerla, s.s. styrk næringarefna.“*

Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar: Umsögn Hafrannsóknarstofnunar er í samræmi við niðurstöður matsskyldufyrirspurnar. Líkt og hér hefur komið fram verður eftirlit með framkvæmdum og mótvægisaðgerðum á framkvæmdatíma. Vöktun vegna Ástjarnar verður útfærð í samráði við heilbrigðiseftirlitið.